

Bridgemál – EM í Króatíu – landsliðsmál

Við lok EM í Króatíu óskaði Jafet eftir því að spilarar og fyrirliði svöruðu nokkrum spurningum. Niðurstöður úr svörunum yrðu síðan teknar saman og ræddar í landsliðshópnum, þá yrði einnig notað tækifærið til að fjalla um hvað framundan væri í verkefnum hjá landsliðinu.

Spurningar og samandregin svör:

1. Hvernig fannst þér undirbúningur fyrir mótið? Undirbúningur ekki nógu markviss. Undirbúningur var öðruvísi en áður. Undirbúningur að nokkru leyti lagður í hendur spilapara. Tvö ný pör í liðinu, þurfa lengri tíma, meiri spilamennsku. Helgarnar tvær þegar átti að spila nýttust ekki nógu vel.

2. Eigum við að standa öðruvísi að vali á landsliðinu? Nær allir sammála um að velja eigi liðið, gæti verið spurning að keppa um eitt par, fer aðeins eftir mótum. Alltaf spurningin að finna þá sem vilja setja Bridge í forgang. Með því að spila um sæti í landsliðinu fjölgum við væntanlega þeim sem eru í landsliðsklassa, eykur áhuga á landsliðinu?

3. Ferðalög, mótstaður, hvernig var aðstaðan? Allof löng bið í London, flugið hefði þurft að skipuleggja betur. Aðstæður á hóteli og spilastað voru mjög góðar. Liðið kom um nótt á mótstað, en hafði daginn eftir til að hvíla sig. Menn þreyttir og illa sofnir við komu.

4. Spilamennskan, hvað fór úrskeiðis? Liðið hóf leik afar illa, steinlá fyrir Frökkum. Miklar sveiflur í spilamennskunni, liðið virtist ekki hafa nægilegt úthald og menn voru að gera mistök sem alla jafna sjást ekki heima á Íslandi. Liðið rústaði sveitum á mótinu í Lettlandi en þær sveitir voru síðan að standa sig miklu betur á EM. Þörin komust aldrei í stuð, nóg að eitt par detti í stuð, keyrir upp spilamennsku hjá öðrum spilurum. Eftir erfiða byrjun náði liðið sér vel á strik, en þegar var í sjónmáli að hægt væri að ná inn í úrslitin fór liðið að spila illa. Ætluðum stundum að skora tvö mörk í sömu sókninni. Stöður sem hafði verið farið vel yfir á æfingum, komu ekki upp.

5. Sálfræðipátturinn, má laga hann eða er hann ekkert mál? Sálfræðipátturinn hafði ekki áhrif á lélegan árangur. Liðsheildin ekki nógu sterk og samstaðan hefði mátt vera betri. Spilarar að taka óeðlilegar ákvarðanir, segja sagnir sem

voru óeðlilegar, létu léleg spil hafa áhrif á sig. Vantaði að brýna liðið meira til dádá, fókusinn þarf að vera skarpri. Liðið var í góðu jafnvægi, hittist reglulega eftir leiki, menn hvíldu sig vel, góð regla á svefni. Þarf að laga mataræði?

6. Annað sem þið viljið koma á framfæri. Þegar liðið er valið þarf að fá það 100% á hreint að þörin séu tilbúin og hafi tíma. Margir samverkandi þættir sem voru okkur í óhag á EM 2014. Þarf að trekkja upp leikgleðina. Liðið á EM 2014 spilaði undir getu. Horfum fram á veginn og gerum okkur grein fyrir að smá átak þarf til að komast meðal þeirra bestu á ný.

Við eigum alltaf að vera á meðal 18 efstu á EM móti og höfum alla burði til að vera það.

Landsliðsmál, hvað er framundan, áfram veginn.....

Væntanlega verða þrjú verkefni fyrir landsliðið á árinu 2015 og um haustið 2015 hefst undirbúningur fyrir EM 2016 sem verður haldið í Búdapest í júní 2016. Skipulagaðar landsliðsæfingar hefjast í janúar 2015 og landsliðið verður valið í lok apríl 2015 fyrir Norðurlandamótið. Landsliðsverkefni á árinu 2015 eru:

- A)** Norðurlandamótið í Færeyjum í maí, eigum Norðurlandameistaratitil að verja, munum senda bæði karla og kvennalið.
- B)** Tromsö, Noregi European Open Championships frá 27. Júní til 11. júlí sendum eitt lið. Sennilega mun fjöldi Íslendinga leggja leið sína á mótið.
- C)** Lettland, sex landa keppni verður sennilega í lok ágúst, sendum tvö þör.
- D)** Mót í Danmörku, Danir tilbúnir að taka á móti landsliðinu.
- E)** Möguleg mót í Bandaríkjunum

Gert í sept. 2014 Jafet